# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 142** **94. ár** **Miðvikudaginn 5. desember 2001**

## Laus störf

*Húsavík.*
Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins á Húsavík. Staðan veitist frá 1. janúar 2002. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Halldórs Kristinssonar, fyrir 10. desember 2001. Sigurður Brynjúlfsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

*Selfoss.*
Laus er til umsóknar staða rannsóknarlögreglumanns hjá embætti sýslumannsins á Selfossi. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Andrésar Valdimarssonar, fyrir 10. desember 2001. Þröstur Brynjólfsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum *„Eyðublöð“*.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 23. nóvember 2001.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(14204

## Stefnur

**Sigríður Þóra Hróðmarsdóttir,**
**kt. 270582-4869,**
**Stekkjartröð 4b,**
**Egilsstöðum**

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Austurlands á hendur Eyvindi Leó Nikulássyni, kt. 270482-4659, með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð.

*Dómkröfur* stefnanda eru að stefndi verði dæmdur faðir barnsins Önnu Siggu Sigríðardóttur, kt. 121299-2599, Smárahvammi 2, Fellahreppi. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda og virðisaukaskatts á málskostnað að mati réttarins og/eða skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Krafa þessi er sett fram eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Gísli M. Auðbergsson hdl., Strandgötu 53, Fjarðabyggð, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málavextir* eru þeir, að þann 12. desember

## Auglýsing

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 27. nóvember 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

14246)

## Auglýsing

### um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1993-2013 og tillögu að deiliskipulagi Brúarhvamms 1, Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1993-2013, samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og tillögu að deiliskipulagi Brúarhvamms 1, Hveragerði, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagstillögurnar báðar taka til svæðis sem afmarkast af Reykjamörk í vestri, að lóð sundlaugarinnar í Laugaskarði í norðri, að Brúarhvammi, Ölfusi í austri og að opnu svæði meðfram Varmá í suðri. Skv. tillögunum stækkar lóð sundlaugarinnar til suðurs, vegtenging sunnan lóðar sundlaugarinnar færist til suðurs um 15-20 m og heimiluð er bygging eins íbúðarhúss sunnan vegarins.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hverahlíð 24, frá og með fimmtudeginum 6. desember nk. til föstudagsins 4. janúar 2002. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, eigi síðar en föstudaginn 18. janúar 2002.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar, Hverahlíð 24, 810 Hveragerði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkur þeim.

Hveragerði, 22. nóvember 2001.
**Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.**

14166)

## Nauðungarsölur

### Vestmannaeyjar

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 3. janúar 2002 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Áshamar 63, 1. hæð fyrir miðju<br>14185) | Erna Fannbergsdóttir | Vátryggingafélag íslands hf. | 35.885 |
| Áshamar 67, 1. hæð til hægri<br>14186) | Heimir Arnar Sveinbjörnsson | Íbúðalánasjóður | 166.822 |
| Bárustígur 2, verslunarhúsnæði á 1. hæð, matshluti 01 01-01, FMR. 218-2610<br>14187) | Þröstur Bjarnhéðinsson | Vestmannaeyjabær | 186.407 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bárustígur 2, verslunarhúsnæði á 1. hæð, matshluti 01 01-02 og 02 01-01, FMR 218-2613 14188) | Þröstur Bjarnhéðinsson | Vestmannaeyjabær | 234.835 |
| Brekastígur 20 14189) | Katrín Harðardóttir og Aðalsteinn Ingvarsson | Íbúðalánasjóður | 207.685 |
| Breki VE-61 (skránnr. 1459) 14190) | Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf. | Byggðastofnun | 19.127.069 |
| Brimhólabraut 25, neðri hæð, 30% allrar eignarinnar 14191) | Helga Henrietta Henrýsdóttir | Íslandsbanki-FBA hf. | 2.165.394 |
| Smáragata 4, efri hæð og bílskúr, 68,8% eignarinnar 14192) | Sigríður Vigdís Ólafsdóttir og Hafþór Halldórsson | Íbúðalánasjóður | 444.024 |
| Sólhlíð 17 (Tindastóll) 14193) | Þröstur Bjarnhéðinsson | Ferðamálasjóður | 1.000.774 |
| Vestmannabraut 49 14194) | Guðný Svava Gísladóttir | Íbúðalánasjóður | 173.563 |

Vestmannaeyjum, 22. nóvember 2001.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,
**Viktor S. Pálsson** fulltrúi.

1999 ól stefnandi meybarn, sem síðar hlaut nafnið Anna Sigga, og kveður stefnandi stefnda vera föður barnsins.

Þann 5. janúar 2000 leitaði stefnandi til sýslumannsins á Selfossi, og lýsti stefnda föður að barninu og óskaði eftir því að aflað yrði faðernisviðurkenningar hans.

Þann 27. júlí 2000 mætti stefndi hjá téðu embætti og óskaði eftir því að fram færi í málinu blóðrannsókn.

Blóðsýni úr málsaðilum voru send til DNA-rannsóknar, og í álitsgerð sem Gunnlaugur Geirsson prófessor hjá Rannsóknarstofnun Háskólans í meinafræði gerir þann 25. september 2000, er sett fram þessi niðurstaða: „Samkvæmt framanskráðu samrýmast niðurstöðurnar því að Eyvindur Leó Nikulásson sé faðir Önnu Siggu, dóttur Sigríðar Þóru Hróðmarsdóttur. Eru líkurnar fyrir faðerninu geysisterkar (meiri en 99%)“.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hefur stefndi ekki fengist til að mæta hjá sýslumanni og ganga frá faðernisviðurkenningu.

Með bréfi sýslumannsins á Seyðisfirði, dags. 28. febrúar 2001, var stefnanda tilkynnt að embættið teldi fullreynt að sú leið að afla faðernisviðurkenningar stefnda eftir stjórnvaldsleiðum væri ekki fær. Er stefnanda því nauðsyn á að fá dóm fyrir kröfum sínum á hendur stefnda.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 10 apríl 2001 var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Sendiráð Íslands í Svíþjóð hefur haft milligöngu um birtingu stefnu í máli þessu fyrir stefnda, en birting ekki tekist þar sem stefndi finnist ekki og ekki sé vitað hvar hann sé búsettur.

Kröfu sína um að stefndi verði dæmdur faðir barnsins, byggir stefnandi á því að skv. téðu vottorði Gunnlaugs Geirssonar prófessors sé sannað að stefndi sé faðir barnsins.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til II. og III. kafla barnalaga nr. 20/1992. Krafa um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað við lög um virðisaukaskatt nr. 50/1987. Dómkröfur máls þessa eru ekki komnar til vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi stefnanda, og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir greiðslu skattsins úr hendi stefnda.

Ákvörðun sína um varnarþing styður stefnandi við 1. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 20/1992, en skv. c-lið 41. gr. sömu laga lýtur málið lögsögu íslenskra dómstóla. Varðandi aðferð við stefnubirtingu vísast til b-liðar 1. mgr. 89. gr. laganna um meðferð einkamála sbr. 90. gr. s.l.

Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Fæðingarvottorð, dags. 30. desember 1999.
2. Yfirlýsing stefnanda um faðerni og beiðni um faðernisviðurkenningu, dags. 5. janúar 2000.
3. Beiðni stefnda um blóðrannsókn, dags. 27. júlí 2000.
4. Álitsgerð Gunnlaugs Geirssonar prófessors dags. 25. september 2000.
5. Bréf sýslumannsins á Blönduósi dags. 16. febrúar 2001 til sýslumannsins á Seyðisfirði.
6. Bréf sýslumannsins á Seyðisfirði dags. 28. febrúar 2001 til stefnanda.
7. Gjafsóknarleyfi.
8. Gögn varðandi tilraun til stefnubirtingar í Svíþjóð.

Jafnframt áskilur stefnandi sér rétt til að leggja fram frekari gögn eða óska skýrslugjafar aðila eða vitna, eftir því sem málatilbúnaður stefnda gefur tilefni til.

Fyrir því stefnist hér með Eyvindi Leó Nikulássyni, kt. 270482-4659, með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð, til að mæta á dómþing héraðsdóms Austurlands, sem háð verður í dómsal embættisins að Lyngási 15 á Egilsstöðum, þriðjudaginn 15. janúar 2002, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður gerð sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Fjarðabyggð, 16. nóvember 2001.
**Gísli M. Auðbergsson** hdl.

(14154

**Dómstjórinn í Reykjavík,**
**Friðgeir Björnsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ragnar Halldór Hall hrl., Mörkinn 1, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Sigríðar G. Thorlacius, kt. 161140-2289, Frostafold 20, Reykjavík, að höfða mál gegn Ragnari Sigurjónssyni, kt. 210242-4149, sem er með skráð lögheimili að Frostafold 20 í Reykjavík en er með óþekktan dvalarstað erlendis, til öflunar dóms um lögskilnaðarkröfu.

*Dómkröfur:* Stefnandi krefst þess að hún fái með dómi lögskilnað við Ragnar Sigurjónsson, kt. 210242-4149.

*Málavextir, málsástæður og lagarök:* Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum, að hún og stefndi hafi gengið í hjúskap 31. maí 1969. Síðasta sameiginlegt heimilisfang þeirra hafi verið að Brekkubyggð 2 í Garðabæ. Stefndi hafi farið í viðskiptaferð til útlanda 2. apríl 1999 og hafi stefnandi ekki vitað annað en að hann væri væntanlegur aftur til landsins fáum dögum síðar, en hann hafi ekki komið aftur. Lengi vel hafi ekkert spurst til stefnda og leit verið gerð að honum á vegum lögreglu í Lundúnum, en hún ekki borið árangur. Mörgum mánuðum síðar hafi frést af stefnda í Thailandi, en ekki sé vitað nákvæmlega hvar hann heldur til þar.

Stefnandi kveðst hafa óskað eftir skilnaði að borði og sæng við stefnda hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði 12. október 1999, en því erindi hafi verið vísað frá þar sem upplýsingar fengust ekki um dvalarstað stefnda.

Stefnandi kveðst nú hafa lagt fram kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hennar og stefnda. Stefnandi tekur fram að þau ekki ekki börn undir lögræðisaldri. Stefnandi krefst lögskilnaðar við stefnda samkvæmt heimild í 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, þar sem samvistarslit hafi orðið fyrir meira en tveimur árum.

*Sönnunarfærsla:* Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins stefnu þessa, gögn um birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaði, vottorð um hjúskaparstöðu, endurrit úr hjónaskilnaðarbók Hafnarfjarðar, samrit beiðni um opinber skipti til fjárslita milli málsaðila og ýmis gögn varðandi hvarf og leit sem gerð var að stefnda.

*Fyrirkall og áskorun um þingsókn:* Samkvæmt framangreindu stefnist hér með Ragnari Sigurjónssyni, kt. 210242-4149, sem hefur skráð lögheimili að Frostafold 20 í Reykjavík en talinn er hafa óþekktan dvalarstað erlendis, líklega í Thailandi, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 8. janúar 2002 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða og halda uppi vörnum ef einhverjar eru.

Athygli stefnda er vakin á því að verði ekki sótt þing af hans hálfu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 13. nóvember 2001.
**Friðgeir Björnsson.**

(14197

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,**
**Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Halla Bergþóra Björnsdóttir hdl., Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, að hún þurfi fyrir hönd Lífeyrissjóðs Austurlands, kt. 450771-0589, Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað, að fengnu leyfi lögum samkvæmt, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur gegn handhöfum neðangreindra húsbréfa til ógildingar á húsbréfunum.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreind húsbréf, sem framseld voru stefnanda 13. og 15. júlí 1999 verði ógilt með dómi.

| *Húsbréf* | *Húsbréfafl.* | *Nafnverð* | *Eigandi* |
|---|---|---|---|
| 98704110 | 98/2 | 1.000.000 | Lífeyrissj. Austurl. kt. 450771-0589 |
| 98714180 | 98/2 | 1.000.000 | Lífeyrissj. Austurl. kt. 450771-0589 |
| 98714885 | 98/2 | 1.000.000 | Lífeyrissj. Austurl. kt. 450771-0589 |
| 98714886 | 98/2 | 1.000.000 | Lífeyrissj. Austurl. kt. 450771-0589 |

*Málsástæður og önnur atvik:* Bréf þessi hafa glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá bréfin ógilt með dómi svo honum verði unnt að neyta réttar síns samkvæmt þeim.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 120. og 121. gr.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá framlagðra skjala.
3. Beiðni um ógildingu húsbréfa, dags. 18. júní 2001, ásamt fjárvörslusamningi.
4. Afrit af kaupnótum húsbréfanna dags. 13. og 15. júlí 1999.
5. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreind húsbréf undir höndum eða telur til réttinda yfir þeim, að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal 102, þriðjudaginn 5. febrúar 2002 kl. 10.00 fyrir hádegi, til þess þar og þá að sjá sjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu þar eða ella má búast við að framangreind húsbréf verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 19. nóvember 2001.
**Friðgeir Björnsson.**

(14206

**Dómstjórinn í**
**héraðsdómi Norðurlands vestra,**
**Halldór Halldórsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gunnar I. Hafsteinsson hdl., Hafnarhvoli við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Vélaverkstæðis Karls Berndsen ehf., kt. 710796-2469, Strandgötu 30, 545 Skagaströnd, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands vestra, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, til ógildingar á einu handhafaveðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi neðangreint veðskuldabréf með veði í iðnaðarhúsnæði stefnanda að Strandgötu 30, 545 Skagaströnd, A-Húnavatnssýslu.

Veðskuldabréfið er útgefið á Skagaströnd 19. mars 1979 af Karli Berndsen til handhafa. Bréfið er að fjárhæð gkr. 4.000.000, upphaflega tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti samhliða þrem samhljóða bréfum þannig að alls hvíldu á veðréttinum gkr. 12.000.000. Skuldabréfið hvílur ná á 1. veðrétti.

*Málflutningsumboð:* Stefnandi hefur falið Gunnari I. Hafsteinssyni hdl., Reykjavík, að reka mál þetta fyrir sína hönd.

*Málsatvik og málsástæður:* Um er að ræða veðskuldabréf útgefið á Skagaströnd 19. mars 1979 af Karli Berndsen til handhafa, upphaflega að fjárhæð gkr. 4.000.000. Bréfið skyldi bera

# Húsbréf

## Þrítugasti og sjöundi útdráttur í 3. flokki húsbréfa 1991

Innlausnardagur 15. janúar 2002

### 1.000.000 kr. bréf

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91310067 | 91310267 | 91310543 | 91311080 | 91311271 | 91311392 | 91311621 | 91311978 |
| 91310078 | 91310287 | 91310662 | 91311163 | 91311350 | 91311486 | 91311686 | 91312069 |
| 91310175 | 91310522 | 91310979 | 91311180 | 91311382 | 91311539 | 91311693 | |

### 500.000 kr. bréf

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 91320043 | 91320330 | 91320431 | 91320672 | 91320731 | 91320922 |
| 91320250 | 91320364 | 91320473 | 91320724 | 91320848 | 91321009 |

### 100.000 kr. bréf

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91340037 | 91340352 | 91340860 | 91341052 | 91341421 | 91341961 | 91342634 | 91343086 | 91343198 | 91343748 |
| 91340082 | 91340596 | 91340957 | 91341061 | 91341466 | 91342307 | 91342793 | 91343104 | 91343425 | 91343772 |
| 91340201 | 91340695 | 91340981 | 91341316 | 91341469 | 91342436 | 91342800 | 91343128 | 91343477 | 91343822 |
| 91340290 | 91340706 | 91340989 | 91341377 | 91341748 | 91342605 | 91343053 | 91343155 | 91343687 | |

### 10.000 kr. bréf

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91370052 | 91371145 | 91372103 | 91372784 | 91373755 | 91375188 | 91375983 | 91376905 | 91378403 | 91379054 |
| 91370316 | 91371485 | 91372125 | 91372829 | 91373778 | 91375191 | 91376062 | 91376922 | 91378510 | |
| 91370525 | 91371512 | 91372269 | 91373238 | 91374007 | 91375426 | 91376189 | 91376928 | 91378563 | |
| 91370808 | 91371535 | 91372435 | 91373322 | 91374057 | 91375456 | 91376195 | 91377089 | 91378797 | |
| 91370905 | 91371719 | 91372441 | 91373348 | 91374430 | 91375532 | 91376501 | 91377159 | 91378974 | |
| 91371007 | 91372031 | 91372519 | 91373458 | 91374450 | 91375541 | 91376699 | 91378043 | 91379009 | |
| 91371067 | 91372098 | 91372751 | 91373615 | 91374828 | 91375956 | 91376876 | 91378167 | 91379037 | |

### Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

(3. útdráttur, 15/07 1993)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 11.379,-** 91376753

(4. útdráttur, 15/10 1993)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 11.746,-** 91376747

(7. útdráttur, 15/07 1994)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 12.341,-** 91376755

(8. útdráttur, 15/10 1994)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 12.596,-** 91376754

(12. útdráttur, 15/10 1995)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 13.589,-** 91370577 91371440

(14. útdráttur, 15/04 1996)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 14.101,-** 91377390

(16. útdráttur, 15/10 1996)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 14.761,-** 91370582 91376751

(18. útdráttur, 15/04 1997)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 15.197,-** 91370581

(20. útdráttur, 15/10 1997)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 1.589.949,-**
91311991 91312004 91312078
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 15.899,-**
91379038

(22. útdráttur, 15/04 1998)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 16.493,-**
91376070 91376750

(24. útdráttur, 15/10 1998)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 16.990,-**
91370580 91376749 91377389

(25. útdráttur, 15/01 1999)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 17.325,-** 91376071

(29. útdráttur, 15/01 2000)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 19.398,-** 91376748

(31. útdráttur, 15/07 2000)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 20.492,-**
91371799 91374996

(32. útdráttur, 15/10 2000)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 2.083.550,-**
91311418
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 208.355,-**
91342362
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 20.835,-**
91371242 91371586 91373292

(33. útdráttur, 15/01 2001)
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 214.150,-**
91340894

(34. útdráttur, 15/04 2001)
**500.000 kr.** **Innlausnarverð 1.096.807,-**
91320452
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 21.936,-**
91370060 91377315

(35. útdráttur, 15/07 2001)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 2.319.742,-**
91312088
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 231.974,-**
91343818
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 23.197,-**
91370319

(36. útdráttur, 15/10 2001)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 2.394.712,-**
91311404
**500.000 kr.** **Innlausnarverð 1.197.356,-**
91320841
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 239.471,-**
91340644 91341275 91342388
91340879 91342038 91343836
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 23.947,-**
91370016 91371953 91372650 91376622
91370023 91372143 91373352 91377341
91370720 91372150 91374952 91378913
91370903 91372191 91376360 91379151

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Því er áríðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

13854)

15% ársvexti frá 1. janúar 1979 að telja. Skuldina skv. bréfinu skyldi greiða á fjórum árum, 1980-1983, í fyrsta skipti 15. janúar 1979, gkr. 1.000.000 í hvert skipti auk vaxta. Skuldin var tryggð með 3. veðrétti í fasteigninni iðnaðarhúsnæði við Strandgötu, Skagaströnd, A-Húnavatnssýslu, nú Strandgata 30, 545 Skagaströnd, en veðskuldabréfið hvílir nú á 1. veðrétti í eigninni.

Stefnandi kveður skuldabréfið að fullu greitt en frumrit þess glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit.

Stefnanda sé nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo hægt sé að aflétta því af fasteigninni Strandgötu 30, 545 Skagaströnd.

*Lagarök:* Stefnandi höfðar mál þetta samkvæmt heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málið er höfðað fyrir héraðsdómi Norðurlands vestra, Blönduósi, skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefnan birtist í.
4. Staðfest ljósrit af veðskuldabréfi því sem málið fjallar um, útg. á Skagaströnd 19. mars 1979.
5. Veðbókarvottorð dags. 24. ágúst 2001.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta þegar mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Norðurlands vestra, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, miðvikudaginn 9. janúar 2002 kl. 14.00 til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu bréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Sauðárkróki, 23. nóvember 2001.
**Halldór Halldórsson.**

(14203

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 25. október 2001, var bú Atla Guðjóns Helgasonar, kt. 070367-5649, með aðsetur í fangelsinu að Litla-Hrauni, Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 2. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi miðvikudaginn 13. febrúar 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 20. nóvember 2001.
**Sigurður Sigurjónsson** hrl.

(14213 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum 7. nóvember 2001, var bú Espis, kt. 460900-2630, Eyrargötu 2, Suðureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 30. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 3. hæð, 400 Ísafirði, mánudaginn 18. febrúar 2002, kl. 10.00. Verður þá fjallað um skrá yfir lýstar kröfur í búið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

Ísafirði, 16. nóvember 2001.
**Tryggvi Guðmundsson** hdl.

(14221 a

Bú Gylfa Gylfasonar, kt. 070966-5739, Dynskógum 7, Egilsstöðum, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 21. nóvember 2001, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 21. september 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, mánudaginn 18. febrúar 2002 kl. 15.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(14231 a

Bú Eymundar Kjartanssonar, kt. 210866-3889, Hjarðarnesi, Höfn í Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 21. nóvember 2001, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 2. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, mánudaginn 18. febrúar 2002 kl. 15.20.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(14232 a

Bú Helga Grétars Kjartanssonar, kt. 240670-3649, Hjarðarnesi, Höfn í Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 21. nóvember 2001, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 2. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, mánudaginn 18. febrúar 2002 kl. 15.40.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(14233 a

Fjarðabyggð, 22. nóvember 2001.
**Gísli M. Auðbergsson** hdl.
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum þann 16. nóvember 2001 var bú Helga Skagfjörðs Gíslasonar, kt. 090151-7469, Smárahlíð 2g, Akureyri tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 28. september 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, mánudaginn 18. febrúar 2002, kl. 11.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Akureyri, 23. nóvember 2001.
**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** hdl.

(14236 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 22. nóvember 2001, var Kjötumboðinu hf., kt. 660593-3069, Kirkjusandi, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur félaginu að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar á nafn umsjónarmanns að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum, sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans, í fundarsalnum Gallerí, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38 í Reykjavík, þriðjudaginn 15. janúar 2002 kl. 9.00, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 27. nóvember 2001.
**Helgi Jóhannesson** hrl.

(14248 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 21. nóvember 2001, var bú Gunnars Ingólfs Gíslasonar, kt. 011168-4269, Hásteinsvegi 17, Vestmannaeyjum, tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við skiptin er 8. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda í hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 4 b (gengið inn frá Fischersundi), 101 Reykjavík, miðvikudaginn 20. febrúar 2002, kl. 13.00. Verður þá fjallað um skrá yfu lýstar kröfur í búið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

(14250 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 21. nóvember 2001, var Ex ehf., kt. 450598-2249, Strandvegi 80, Vestmannaeyjum, tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við skiptin er 8. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda í hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1623, 121 Reykjavík.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 4 b (gengið inn frá Fischersundi), 101 Reykjavík, miðvikudaginn 20. febrúar 2002, kl. 13.30. Verður þá fjallað um skrá yfur lýstar kröfur í búið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

(14251 a

Reykjavík, 27. nóvember 2001.
**Páll Skúlason** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 16. nóvember 2001, var bú Sigurðar Eiríkssonar, kt. 240551-4119, Skessugili 14, 603 Akureyri tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, föstudaginn 22. febrúar nk. kl. 11.00.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(14168 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 16. nóvember 2001, var bú Sigrúnar Ásdísar Gísladóttur, kt. 100153-2119, Skessugili 14, 603 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, föstudaginn 22. febrúar nk. kl. 10.30.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

**Ath. Leiðrétt heimilisfang.** (14169 b

Húsavík, 21. nóvember 2001.
**Berglind Svavarsdóttir** hdl.

# Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Kauplands ehf., kt. 710192-2009, Hjalteyrargötu 4, Akureyri, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Skipagötu 16, Akureyri, miðvikudaginn 19. desember 2001 kl. 9.15.

**Húsbréf**

# Fertugasti útdráttur í 1. flokki húsbréfa 1991

Innlausnardagur 15. janúar 2002

## 1.000.000 kr. bréf

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91110046 | 91110490 | 91110763 | 91111251 | 91111589 | 91111892 | 91112142 | 91112572 | 91113272 | 91113413 |
| 91110081 | 91110560 | 91110922 | 91111315 | 91111708 | 91112003 | 91112357 | 91112890 | 91113335 | 91113429 |
